



*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

Starfsleyfisskilyrði um meðferð og vinnslu mjólkur

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir mjólkurvinnslustöðvar.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan samhliða rekstur er að ræða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4 Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Afstöðumynd af stöðinni sem sýnir m.a. frárennislagnir og hreinsivirki sem kunna að vera til staðar, og safna skal upplýsingum um breytingar, viðhald og tæmingu þeirra.
 - b) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í fyrirtækinu ásamt viðhaldi búnaðarins.
 - c) Meðhöndlun úrgangs
 - d) Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði eða slys, sem og viðhald og tæmingu hreinsivirkja, sem eru til staðar.
 - e) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast.Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

2. Varnir gegn mengun umhverfis

- 2.1 Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun vatns og sjávar.
- 2.2 Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta. Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum.
- 2.3 Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlit við gerð og frágang hreinsivirkja.
- 2.4 Gera skal, í samráði við heilbrigðiseftirlit, ráðstafanir til að lágmarka magn og styrk mengandi efna í frárennsli, þar með talið lyfjamengaða mjólk.
- 2.5 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig hátað að hún valdi ekki ónæði eða óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar. Hæð reykháfa skal vera þannig að nægjanleg útþynning náist á hreinsaðri gufu og reyk.
- 2.6 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk.
- 2.7 Stefnt skal að lágmarkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Flokka skal úrgang eftir því sem tók eru á og nýta til endurvinnslu. Úrgang skal flytja til eyðingar eða til vinnslu. Sorphirslur og ílát undir úrgang, sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa.
- 2.8 Ef ósoneyðandi kælimiðlar eru í notkun í fyrirtækinu gilda ákvæði reglugerðar nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.
- 2.9 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustaðnum.
- 2.10 Verði rekstri mjólkuriðnaðar hætt skal, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig



frá athafnasvæðinu að ekki valdi mengunar- eða slyshættu.

3. Losunarmörk og sýnataka

- 3.1. Þar sem frárennsli er veitt í fráveitukerfi sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem rekstraraðili fráveitukerfisins setur.
- 3.2. Þar sem frárennsli fyrirtækis er veitt í viðtaka skal, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, uppfylla kröfur sem gerðar eru til iðnaðarskólperfa og tryggja varnir gegn mengun vatns.
- 3.3. Eftirlitsaðila skal vera kleift, án fyrirhafnar, að koma fyrir sýnatökubúnaði, mæla vatnsrennsli og taka sýni við frárennsliskerfi, t.d. við inntak og útfall hreinsibúnaðar.
- 3.4. Ef niðurstöður mælinga sýna að mengun sé yfir umhverfismörkum, sem sett eru í reglugerð eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós, skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.